


# LUV

*Lýðræðisvitund og valdefling  
ungmenna á landsbyggðinni*



Margrét Gauja Magnúsdóttir &  
Hugrún Harpa Reynisdóttir

# Niðurstöður OF – Kveikjan að LUV

- Opposing Force - Fjölbjóðlegt rannsóknarverkefni styrkt af Erasmus+
- Ísland – Írland – Svíþjóð - Rúmenía
- Viðfangsefnið – Ungt fólk í dreifðari byggðum
- Rannsóknin fjallaði um:
  - Samfélagsþátttöku ungs fólks
  - Samfélagsmiðla
  - Atvinnutækifæri og aðkomu ungs fólks að rekstri fyrirtækja
  - Möguleika til menntunar
  - Nýsköpun



Opposing Force

# Niðurstöður OF – Kveikjan að LUV

- Lítil samfélagsþátttaka ungs fólks
- Lítil hvatning frá samfélaginu til þátttöku
- Skortur á þekkingu hjá þeim – hvernig get ég tekið þátt?
- Fyrirtæki – tækifærin háð fjölskyldutengslum
- Búseta og námsval fer ekki saman
- Eigin hindranir – leti, tölvunotkun og skortur á frumkvæði
- Við vitum ekki hvernig við eigum að vera virkir þátttakendur.





# LUV

- Hvað getum við gert til þess að bregðast við því sem fram kemur í svörum ungmenna í rannsókn Opposing Force
- Þekkingarsetrið Nýheimar sækja um og hljóta styrk frá Byggðarannsóknasjóði
- Farið var af stað með verkefnið *Lýðræðisvitund og valdefling ungs fólks á landsbyggðinni - LUV*



# Markmið og rannsóknarspurning

- Markmið er að komast af því, hvaða þættir ungt fólk á Höfn telur sig þurfa þjálfun í til að geta verið virkir borgarar.
- Tilgangurinn er svo að búa til þjálfun sem rímar við þarfagreininguna.
- Að lokum verður að skoða hvernig til tókst með þjálfun.

Rannsóknarspurningin er (enn í mótun)

**„Þarfir ungmenna á landsbyggðinni fyrir þjálfun til að vera virkir samfélagsþegnar“**



# Úrtak og aðferðir við greiningu

- 3 rýnihópar framkvæmdir í október og nóvember 2015
  - 1 rýnihópur var nemendur í 9. og 10. bekk
  - 1 rýnihópur var nemendur FAS, 16 – 20 ára
  - 1 rýnihópur var ungt fólk ekki í skóla, búsett á Höfn 17-21 árs
- Samtals 20 þátttakendur
- Reynt var að hafa jafna kynjaskiptingu, 11 stúlkur, 9 piltar.
- Leyfi fengið hjá persónuvernd, leyfi allra foreldra þátttakanda yngri en 18 ára og undirskriftir frá öllum þátttakendum.
- Viðtalsrammi unnin í samstarfi við leiðbeinanda Dr. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Guðný Isaksen sérfræðing hjá Gallup og MA.
- Tvær inní fundarherberginu, ein að stýra umræðum,
- hin að afrita og aðstoða.



# Tvær greiningaraðferðir



- Grunduð kenning – þemagreining

Enn sem komið er eru komin 20 þemu og þau eru:

Ávinningur á þátttöku	Aðgengi að samfélagsþátttöku	Gamalt vs nýtt
Ávinningur á þátttöku töluð niður	Fyrirmyndir	Sjálfböðastarf
Manneskjan er félagsvera	Ungmennahús	Kynjaskipt samfélag
Samfélagsþátttaka jákvæð/neikvæð	Lýðræði	Að ná til ungt fólks
Samfélagsþátttaka áhugasviðsbundin	Staðalmynd stjórnámamannsins	Að vera öðruvísi á Höfn
Samfélagsþátttaka í boði á Höfn	Máttur samfélagsmiðla	Bias rannsakanda
Námskeiðið – hvernig?	Það sem liggur á ungu fólki á Höfn	Að vera öðruvísi á Höfn



# Afhverju er þetta mikilvægt?

- Þegar rýnt er í rannsóknina Ungt fólk, 2014, grunnskólar, sem Rannsókn og greining framkvæmir fyrir menntamálaráðuneytið kemur í ljós að það hallar á ungt fólk á landsbyggðinni. Þau skora hærra (aðalega stelpur) þegar kemur að:
  - Andlegri heilsu
  - Einmannaleika
  - Niðurdregin
  - Framtíðarvonir
  - Auðveldari til að pirrast
  - Taka reiðiköst
  - Lenda í rifrildum



We are coming to understand health not as the absence of disease, but rather as the process by which individuals maintain their sense of coherence (i.e. sense that life is comprehensible, manageable, and meaningful) and ability to function in the face of changes in themselves and their relationships with their environment.

— *Aaron Antonovsky* —

**AZ QUOTES**

# Innihaldsgreining/orðræðugreining



# Helstu niðurstöður

- **Ungt fólk á Höfn í Hornafirði upplifir sig ekki sem virkir þátttakendur í samfélaginu né að nærveru þeirra sé óskað.**

*„ Mér finnst svolítið að bærinn sé fastur í einhverri ákveðinni rútinu eða svona, svona hafa hlutirnir alltaf verið, svona eiga hlutirnir alltaf að vera. Ég veit það að það eru margir og það er vandamál að ungt fólk það heldur að fullorðið fólk hafi ekki áhuga á þeirra skoðunum eða hafi áhuga á að þeir séu partur af þeirra lífi þangað til að þeir eru búnir að ná einhverjum ákveðnum aldri. Það er held ég ekki eitthvað sem fólk er að gera viljandi, það finnst mér samt vera hindrun til þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu ef þú upplifir að þú ert kannski ekki velkominn.“ (Sigrún, 20 ára)*

- **Munur á grunnskólanemendum og eldri. Meiri ánægja og virkni hjá yngri hópnunum en eldri. Ánægja með Þrykkjuna – virkt lýðræði.**



**Sterkt þema hvað varðar sjálfstraust og skorturinn á því. Útskýrt með að búa í litlu samfélagi og að eiga í hættu á neikvæðri gagnrýni við það eitt að taka af skarið**

*„(Hún)Ekki mikið að þæla í því hvað aðrir eru að segja um hana, það er erfitt að opna sig ef maður hefur alltaf áhyggjur af því að aðrir séu að fara að skjóta þig niður. Þegar þú ert orðinn samfélagslega virkur, stórt númer í samfélaginu þá ertu náttúrlega rosalega auðvelt skotmark. Það er að þora því og hafa sjálfstraust“ (Birkir, 18 ára)*

*„Ef þú ert að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en allir eru vanir að gera, en í Reykjavík þá er það meira þannig að það fréttu kannski ekkert endilega allir af þessu. Heldur bara smá hluti af fólkinu, en hérna eru það bara allir sem vita það.“ (Sonja 19 ára)*

# Helstu niðurstöður

## Kallað eftir lýðræðisfræðslu

*„Fyrir rosalega mörgum ungmennum held ég að hugtakið lýðræði skipti máli af því að það á að gera það. Þetta er eitthvað svona sem fullorðna fólkið er alltaf að tala um, þetta er svona eitthvað, þetta er örugglega eitthvað mikilvægt af því að Bjarni Ben hættir ekki að tala um þetta. Þannig að ég ætla bara að segja já mér finnst þetta skipta máli, en ég veit samt ekki hvað þetta er, bara ekki neitt sko.“ (Anton, 18 ára)*

## Kunna ílla við kynjaskiptinuna

*„Já það væri þú veist, ef ég færi í Kiwanis, þá væri það fyrsta sem ég myndi mæta með á fyrsta fundinn minn væri ljósmynd þar sem ég held á hausnum á nýveiddu ljóni eða eitthvað svona. (Aron, 19 ára)*

**Mikill áhugi hjá öllum á sjálfboðastarfi og að vera virkir þátttakendur. Gera sér vel grein fyrir persónulegum ávinningi og samfélagslegum ávinningi þessa og kvarta undan fáum tækifærum til að vera þátttakendur í sjálfboðastarfi á Höfn.**

*„Ef engin er að taka þátt í neinu þá verður þetta bara geðveikt mikið pleppaplace“ (Lára, 14 ára)*

*„Ég er með Amnesty Iceland á SnapChat og það er geggjáð gaman að fylgjast með því“ (Rúna, 13 ára)*

# Hvernig á námskeiðið að vera?

*„Ekki bara hundleiðinleg glærusýning sem enginn nennir að hlusta á“ (Darri, 15 ára)*

*„Þetta má alls ekki vera of stórir hópar, ef eins og þessi hópur væri allur skólinn þá myndi enginn segja orð“ (Selma, 18 ára)*

*„Setja sig á sama level og við erum á, ekki tala niður til þín heldur vera á okkar level“ (Selma, 18 ára)*

*„Hafa þetta heimilislegt, maður þarf að vera öruggur“ (Rósa, 16 ára)*





# VERTU ÞÚ SJÁLFUR!

Viltu öðlast sjálfstraust og læra að fara út fyrir kassann og vera þú sjálfur?

KOMDU ÞÁ Á SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ Í NÝHEIMUM!

## 13-15 APR

KRISTÍN TÓMASDÓTTIR	MIDVIKUDAG	02.03	18:00-22:00
GÍSLI MARTEINN	FIMMTUDAG	03.03	18:00-22:00
MAGGA GAUJA	MANUDAG	07.03	18:00-22:00
AGNAR JÓN	MANUDAG	14.03	18:00-22:00
GUÐMUNDUR ARI	MANUDAG	21.03	18:00-22:00

## 16-20 APR

GÍSLI MARTEINN	MIDVIKUDAG	02.03	18:00-22:00
KRISTÍN TÓMASDÓTTIR	FIMMTUDAG	03.03	18:00-22:00
MAGGA GAUJA	THRIDJUDAG	08.03	18:00-22:00
AGNAR JÓN	THRIDJUDAG	15.03	18:00-22:00
GUÐMUNDUR ARI	THRIDJUDAG	22.03	18:00-22:00

VERD: 15.000,-

## Sjálfsstyrkingarnámskeiðið vertu þú sjálf/ur

Í mars- og aprilmánuði var haldið sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir ungmenni Hornafjarðar á aldrinum 13-20 ára. Alls tóku 48 krakkar þátt og voru undirlektirnar vonum framar. Upphaf verkefnisins má rekja til þátttöku Nýheima í Erasmus+ verkefni þar sem unnið var í samstarfi við Svíþjóð, Rúmeníu og Írland. Unnin var rannsókn þar sem ungmenni á Höfn voru spurð út í upplifun sína á Hornafirði þegar kom að því að hafa rödd og völd í samfélaginu. Útkoman var afar neikvæð og ljóst var að þörf væri á úrbótum hvað varðar mál ungmenna á svæðinu. Í kjölfar rannsóknarinnar var búið til valdeftingarkerfni og jafningjafræðsla í þeim tilgangi að fræða ungt fólk um staðalmyndir kynjanna og áhrif þeirra á sjálfsmynd okkar. Í framhaldi af jafningjafræðslunni gerðust svo margir góðir hlutir og má þar nefna Lífandi bókasafn og Druslugöngu sem haldin var í fyrsta sinn á Hornafirði.

Þá segist Margrét Gauja Magnúsdóttir, frumkvöðull verkefnisins hafa fundið fyrir þörf til þess að gera meira, og úr varð að sótt var um styrk hjá Bygðarþróunarsjóði með rannsókn á hornfirskum ungmönnum. Í rannsókninni voru þau spurð hvers konar þjálfun þau þyrftu til að geta orðið virkari samfélagsþegnar og dugleg í því að taka af skarið í samfélaginu. Út frá niðurstöðunum varð svo til námskeiðið Vertu þú sjálf/ur. Á námskeiðinu hlutum við þjálfun í því að styrkja



*Nemendur 10. bekkjar Heppushöla í starfskynningu hjá Eystrahorni.*

sjálfsmynd okkar á ýmsum sviðum. Námskeiðin voru alls fimm og fengum við heimsókn frá Kristínu Tómasdóttur sem fræddi okkur um sjálfsmynd, Gísla Marteini Baldurssyni sem gaf okkur góð ráð um framkomu og ræðumennsku, Agnari Lóni Egilssyni leikura sem þjálfaði okkur í að fara út fyrir þægindarammann, Guðmundi Ara Sigurðssyni sem ætíði okkur í lýðræði og leiðtogaþæfni og að lokum Margréti Gauju Magnúsdóttur sem fræddi okkur um staðalmyndir.

Sem þátttakendur þessa námskeiðs getum við svo sannarlega sagt að það hafi verið bæði

eflandi og sérlega vel heppnað. Gleðin var ríkjandi meðal hópsins, og ekki hægt að sjá annað en að allir hafi skemmt sér konunglega á meðan á fræðslunni stóð.

Námskeið eins og þetta er frábært skref í átt að aukinni velliðan ungmenna á Hornafirði. Við vonum að afleiðingar þess muni skila sér út í samfélagið og ungmennamál haldi áfram að byggjast upp eins vel og þau eru að gera nú í dag.

*Arndís Ósk Magnúsdóttir og  
Sigurborg Eiríksdóttir*

# Hvað er eftir?

- Vinna úr spurningarlistum sem þátttakendur svöruðu við útskrift.
- Fá nemendur sem ekki voru við útskrift til að svara spurningarkönnun.
- Taka viðtöl við tvo (kk og kvk) úr hvorum hóp um námskeiðið.
- Vinna lokaskýrslu.
- Ráðstefna í haust í Nýheimum.

Takk fyrir 😊